

Reykjavík, 12. 04. 2023

Til eiganda og stjórnarmanna OR eigna

Efni: Fundarboð á aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. 2023.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur eigna verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2022 kl. 13:45. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1.

Dagskrá aðalfundar OR eigna:

1. Ársreikningur OR 2022 ásamt skýrslu ytri endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
2. Ákvörðun um arðgreiðslur og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Orkuveitu Reykjavíkur á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár.
4. Lýsingu á kjöri stjórnar.
5. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
6. Umræður um önnur mál, löglega upp borin.

Samkvæmt 11. gr. samþykktu félagsins er kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigenda Orkuveitu Reykjavíkur heimilt að sækja aðalfund með rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir. Þá er fulltrúum fjölmiðla heimilt að sækja fundinn. Handhafi hlutafjár í félaginu fer með ákvörðunarrétt á aðalfundi.

Samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi OR-eigna á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.

Miðað skal við að stjórn sé skipuð sömu einstaklingum og skipa stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

Gylfi Magnússon,
stjórnarformaður